



Reykjavík, 6. október 2023
IER23040014
HS/GHG

Umhverfis- og skipulagssvið Reykjavíkurborgar
Ólöf Örvarsdóttir, sviðsstjóri
Borgartúni 12-14
105 Reykjavík

Úttektarskýrsla, eignaskráning rekstrarfjármuna hjá skrifstofu borgarlandsins

Meðfylgjandi bréfi þessu eru niðurstöður úttektar á eignaskráningu rekstrarfjármuna hjá skrifstofu borgarlands.

Niðurstöður úttektar hafa verið kynntar í endurskoðunarnefnd í samræmi við hlutverk hennar og eftirlit. Endurskoðunarnefnd vísaði skýrslunni til kynningar hjá umhverfis- og skipulagsráði.

Virðingarfyllst,

Hallur Símonarson
innri endurskoðandi Reykjavíkurborgar

Afrit:

Haldóra Káradóttir, sviðsstjóri FAS
Hjalti J. Guðmundsson, skrifstofustjóri, skrifstofu borgarlands USK
Hreinn Ólafsson, fjármálastjóri USK
Óli Jón Hertervig, skrifstofustjóri FAS

Hjálagt:

Eignaskráning rekstrarfjármuna, skrifstofa borgarlands, dags. 2. október 2023



Eignaskráning rekstrarfjármuna Skrifstofa borgarlands



Innri endurskoðun og ráðgjöf
fagsvið innri endurskoðunar

2. október 2023
IER23040014



Innri endurskoðun og ráðgjöf
Guðrúnartúni 1 | 105 Reykjavík

Innriendurskodun.is
innriendurskodun@reykjavik.is

Efnisyfirlit

1. Inngangur	4
2. Samantekt niðurstaðna	5
3. Lög og reglur um eignaskráningu rekstrarfjármuna	8
4. Eignaskrá hjá skrifstofu borgarlands	10
5. Vettvangsathuganir og úrtakskönnun	11
Viðauki I - Áhættuflokkun ábendinga.....	15
Viðauki II – Fjöldi bifreiða.....	16
Viðauki III – Fjöldi tækja	17
Viðauki IV - Viðmælendur úttektar	18

1. Inngangur

1.1. Innri endurskoðun og ráðgjöf Reykjavíkurborgar

Innri endurskoðun og ráðgjöf (hér eftir IER) annast innri endurskoðun hjá Reykjavíkurborg. IER heyrir undir borgarráð Reykjavíkur og innri endurskoðandi nýtur faglegs sjálfstæðis í störfum sínum gagnvart allri stjórnýslu borgarinnar. Fagsvið innri endurskoðunar er starfseining innan IER sem annast innri endurskoðun og metur stjórnarhætti, áhættustýringu og innra eftirlit ásamt því að gera viðeigandi ábendingar og tillögur um úrbætur á ferlum og hvetur þar með til stöðugra úrbóta í starfsemi Reykjavíkurborgar. Fagsviðið starfar á grundvelli faglegrar umgjarðar um innri endurskoðun sem Alþjóðasamtök innri endurskoðenda gefur út.

1.2. Markmið og afmörkun úttektar

Verkefnið var á innri endurskoðunaráætlun 2022-2023 sem samþykkt var af endurskoðunarnefnd þann 31. janúar 2022 og í borgarráði þann 17. mars 2022. Um er að ræða staðfestingarverkefni sem felur í sér hlutlæga athugun og mat á gögnum til þess að gefa óháð álit.

Markmið úttektarinnar var að kanna hvernig eignaskráningu er háttað hjá umhverfis- og skipulagssviði Reykjavíkurborgar (hér eftir USK) og var úttektin afmörkuð við skrifstofu borgarlandsins og við bifreiðar, tæki og verkfæri. Skrifstofa borgarlandsins hefur umsjón með öllum daglegum rekstri og umhirðu á borgarlandinu auk þess að fara með veghald í Reykjavík er lítur að þjónustu við vegakerfið, t.d. vetrarþjónustu. Veghaldið er hjá umhverfis- og skipulagsráði en því er síðan dreift niður á fagskrifstofur. Eðli málsins samkvæmt þarf fjölbreytt tæki, verkfæri auk bifreiða til þess að sinna slíkri þjónustu. Skrifstofan heldur utan um rekstur hverfastöðva gatnamála og verkbækistöðva garðyrkju.

Valdar voru til skoðunar nokkrar eignir og farið var í vettvangsathuganir á hverfastöðvar til að kanna tilvist rekstrarfjármuna og skráningu þeirra.

Í þessari úttekt var kannað:

1. hvernig eignaskráningu er háttað hjá skrifstofu borgarlands
2. hvort keyptir rekstrarfjármunir séu skráðir í eignaskrá
3. hvort keyptir rekstrarfjármunir séu til staðar
4. hvort rekstrarfjármunir séu merktir í samræmi við reglur

1.3. Verkferill úttektar

Úttektin hófst með fundi IER með skrifstofustjóra skrifstofu borgarlands þann 14. apríl 2023 þar sem tilkynnt var um fyrirhugaða úttekt á fyrirkomulagi og virkni eignaskráningar rekstrarfjármuna. Við vinnslu á verkáætlun var fundað með skrifstofustjóra á skrifstofu borgarlands og var verkáætlun gefin út þann 31. maí 2023.

Skýrsludrögin voru send skrifstofustjóra á skrifstofu borgarlands, fjármálastjóra USK sem og skrifstofustjóra eignaskrifstofu til umsagnar þann 15. september 2023 og hefur hér verið tekið tillit til þeirra athugasemda sem bárust. Niðurstöður voru kynntar í endurskoðunarnefnd þann 2. október 2023. Lokaskýrsla var send stjórnendum auk þess sem ábendingum er beint til ábyrgðaraðila. Lokaskýrsla var síðan birt á heimasíðu IER.

2. Samantekt niðurstaðna

IER framkvæmdi úttekt á eignaskráningu hjá skrifstofu borgarlandsins. Farið var í vettvangsathuganir á starfsstöðvar skrifstofu borgarlandsins sumarið 2023 og niðurstöðurnar eru eftirfarandi.

Hjá skrifstofu borgarlandsins eru til staðar leiðbeiningar um skráningu á lausafjármunum. Í þeim er m.a. vísað í reglur Reykjavíkurborgar um eignaskráningu rekstrarfjármuna frá 2017 og verklagsreglur FMS-VLR-142 *Skráning rekstrarfjármuna sem gjaldfærðir eru við kaup*. Samkvæmt upplýsingum frá USK eru leiðbeiningarnar ekki hluti af rekstrarhandbók sviðsins heldur er um að ræða samantekt á þeim leiðbeiningum og verklagi sem gefin hafa verið út fyrir borgina í heild.

Skrifstofa borgarlandsins heldur eignaskrá yfir bifreiðar, vélar og tæki sem eru að verðmæti yfir 500 þús.kr. Ekki er haldinn eignalisti vegna kaupa á verkfærum, áhöldum og tækjum að fjárhæð umfram 20 þús.kr. eins og leiðbeiningar FMS-LBE-163 og leiðbeiningar USK um skráningu lausafjármuna kveða á um.

Farið var í vettvangsathuganir í júní 2023 þar sem könnuð var tilvist bifreiða í eignaskrá skrifstofu borgarlandsins. Athugunin leiddi í ljós að allar bifreiðar í úrtaki nema tvær voru til staðar. Skýringin var sú að önnur bifreiðin var seld í mars 2022 og skrifstofa borgarlandsins hafði skilað hinni bifreiðinni sem var bílaleigubíll í febrúar 2022. Eignaskrá skrifstofu borgarlandsins hafði ekki verið uppfærð í samræmi við þessar breytingar. Starfsstöðvar eru á mörgum stöðum í Reykjavík og ekki er haldið utan um eignaskrá á miðlægu svæði.





Einnig var könnuð tilvist véla og tækja í eignaskrá skrifstofu borgarlandsins og kom í ljós að allar eignir voru til staðar nema tvö tæki en þau höfðu verið látin ganga upp í kaup á öðrum tækjum árið 2016 og 2021 án aðkomu eignaskrifstofu. Þetta leiddi til þess að tækin voru enn í

eignaskrá eignaskrifstofu og því bókaðar afskriftir. Skrifstofa borgarlands greiddi enn leigu af öðru tækinu í ágúst 2023. Nokkrar vélar og tæki og öll verkfæri yfir 50 þús.kr. í úrtaki reyndust ekki vera merkt Reykjavíkurborg eins og kveðið er á um í reglum borgarinnar frá 2017.

Í verklagsreglum Reykjavíkurborgar kemur fram að lausafjármunir að verðmæti 250 þús.kr. eða meira skuli bóka á bókhaldslykilinn 5247 *gjaldfærðir rekstrarfjármunir*. Lykillinn var stofnaður svo hægt væri að taka út með einföldum hætti yfirlit yfir lausafjármuni. Í einu tilviki var bókhaldslykillinn 5247 ekki nýttur í samræmi við verklagsreglur Reykjavíkurborgar um skráningu á lausafjármunum sem gjaldfærðir eru.

2.1 Fjöldi ábendinga eftir áhættuskori

Í úttektinni var farið yfir eignaskráningu rekstrarfjármuna á skrifstofu borgarlandsins. Settar eru fram sex ábendingar í skýrslunni.

Litur	Áhættuskor	Fjöldi
	Mikil áhætta	0
	Nokkur áhætta	3
	Lítill áhætta	3
	Tillögur til úrbóta	0
	Fjöldi	6

Sjá nánar í viðauka I – Áhættuflokkun ábendinga.

Ábendingunum verður fylgt eftir af IER með eftirfylgnikönnun og niðurstöður hennar verða kynntar í endurskoðunarnefnd þegar þær liggja fyrir og birtar á heimasíðu IER.

2.2 Ábendingar IER og viðbrögð stjórnenda

Áhættu- mat	Nr.	Ábendingar	Ábyrgðaraðili	Viðbrögð stjórnenda Áætluð tímasetning lok úrbóta
Lítill áhætta	1	Setja þarf leiðbeiningar um skráningu á lausafjármunum inn í rekstrarhandbók USK, skilgreina ábyrgðarmann leiðbeininganna og tilgreina útgáfudag.	Fjármálastjóri USK	Áætluð lok úrbóta: 30. nóvember 2023. Leiðbeiningarnar verða settar inn í rekstrarhandbók USK.
Nokkur áhætta	2	Ekki er fullnægjandi fylgni við leiðbeiningar FMS-LBE-163 og leiðbeiningar sem eru fyrirbyggjandi á skrifstofu borgarlandsins um skráningu á lausafjármunum er varðar skráningu á keyptum verkfærum, áhöldum, tækjum og búnaði umfram 20 þús.kr.	Skrifstofustjóri skrifstofu borgarlandsins	Áætluð lok úrbóta: 1. apríl 2024. Skrifstofa borgarlandsins setur fyrirvara á hve langan tíma gæti tekið að skrá alla lausafjármuni.
Lítill áhætta	3 og 4	Eignaskrár yfir bifreiðar, vélar og tæki sem skrifstofa borgarlandsins hefur til umráða sýna ekki raunverulega stöðu. Uppfæra ætti eignaskrár jöfnum höndum. Þá færi betur á því að mati IER að skrárnar séu vistaðar miðlægt þar sem viðeigandi aðilar hafi aðgang að þeim og geti uppfært skrárnar þegar þörf krefur. Einnig væri til bóta að númer tækja sem ekki eru skráningarskyld komi fram í eignaskrá til að tryggja rekjanleika. Í sumum tilfellum er númerið til staðar í eignaskrá en ekki í öðrum.	Skrifstofustjóri skrifstofu borgarlandsins	Áætluð lok úrbóta: áramót 2023/2024.
Nokkur áhætta	5	Í samræmi við hlutverk eignaskrifstofu að kaupa og selja eignir Reykjavíkurborgar þarf skrifstofa borgarlands að hafa samband við eignaskrifstofu ef þörf er á að selja vélar eða tæki.	Fjármálastjóri USK og skrifstofustjóri skrifstofu borgarlandsins	Áætluð lok úrbóta: 1. desember 2023. Í raun er hægt að innleiða þetta samt áður strax við næstu kaup/sölu á tækjum.
Nokkur áhætta	6 og 7	Tryggja þarf að vélar, tæki og verkfæri Reykjavíkurborgar séu auðkennd með merki Reykjavíkurborgar eða öðrum skýrum hætti í samræmi við 5. gr. reglna Reykjavíkurborgar um eignaskráningu rekstrarfjármuna.	Skrifstofustjóri skrifstofu borgarlandsins	Áætluð lok úrbóta: 1. apríl 2024. Hér er gerður fyrirvari á hve langan tíma gæti tekið að merkja vélar, tæki og verkfæri en það er tímafrek vinna.
Lítill áhætta	8	Tryggja þarf að bókhaldsslykillinn 5247 sé notaður í samræmi við verklagsreglur Reykjavíkurborgar um skráningu á lausafjármunum.	Fjármálastjóri USK	Áætluð lok úrbóta: 30. nóvember 2023.

2.3 Viðbrögð skrifstofu borgarlandsins við ábendingum IER

„Við gerum ekki efnislegar athugasemdir við skýrsludrögin en bendum á nokkur atriði til frekari skýringa.

Við viljum einnig að eftirfarandi komi fram:

Undanfarna mánuði hefur skrifstofa borgarlandsins verið að kanna möguleika á eigna- og birgðaskráningu bifreiða, tækja og annarra lausafjármuna sem skrifstofan hefur til umsjónar. Núverandi áætlanir gera ráð fyrir að nýta bókhaldsforritið Agresso í þessa skráningu og hefur verið fundað með sérfræðingum í hugbúnaðinum vegna þessa úrlausnarefnis. Á þeim fundum hefur komið fram að Agresso getur haldið utan um slíkar skráningar með sérstökum vörustjórnunar-hugbúnaði í Agresso og er skrifstofa borgarlandsins að kanna betur þessa möguleika í samstarfi við sérfræðing hjá fjármála- og áhættugreiningasviði. Það er ætlun okkar að bæta hér verulega úr enda er eignasafn sem skrifstofan heldur utan um stórt, bæði í fjölda tækja og hvað varðar fjárfestingu. Verkefnið er frekar stórt og mögulega með einhver flækjustig sem þarf að leysa úr en það ætti að leysast úr þeim á næstu mánuðum enda mikill vilji hjá okkur að bæta hér úr.

Þetta umbótaverkefni skrifstofunnar er í góðum samhljómi við athugasemdir IER um skráningu bifreiða, tækja og lausafjármuna sem skrifstofa borgarlandsins hefur í rekstri. Það er von okkar að með slíkri vörustjórnun muni verða mikil breyting til góðs í utanumhaldi að þessu leyti.“

3. Lög og reglur um eignaskráningu rekstrarfjármuna

Eignaskráning felur í sér formlega skráningu á eignum. Markmiðið með henni er að stuðla að því að eignir sem keyptar eru séu varðveittar á réttan hátt og að fyrir liggji rétt og ítarleg skráning þeirra hverju sinni. Með skilgreiningu ábyrgðarmanns við eignaskráningu er jafnframt leitast við að stuðla að góðu eftirliti með eignum og viðhaldi þeirra.

Um eignaskráningu hjá Reykjavíkurborg gildir:

- Reglugerð um bókhald, fjárhagsáætlanir og ársreikninga sveitarfélaga nr. 1212/2015.
- Reglur um eignaskráningu rekstrarfjármuna Reykjavíkurborgar frá apríl 2017.
- FMS-VLR-142 Skráning rekstrarfjármuna sem gjaldfærðir eru við kaup.
- FMS-LBE-163 Skráning á kaupum og útleigu verkfæra, áhalda, tækja og búnaðar hjá Reykjavíkurborg.
- Hjá skrifstofu borgarlandsins eru til staðar leiðbeiningar um skráningu á lausafjármunum, sem er samantekt á þeim reglum og leiðbeiningum sem í gildi eru hjá Reykjavíkurborg.

3.1. Reglugerð um bókhald, fjárhagsáætlanir og ársreikninga sveitarfélaga

Í 8. gr. reglugerðar nr. 1212/2015 um bókhald, fjárhagsáætlanir og ársreikninga sveitarfélaga kemur fram að sveitarfélag skuli halda sérstaka skrá um helstu rekstrarfjármuni sína sem ekki eru færðir á meðal eigna í bókhaldi. Eignaskráin á að skoðast sem hluti af bókhaldsgögnum sveitarfélagsins. Í 28. tl. 7. gr. í fylgiskjali I með reglugerðinni kemur þó fram að ýmis tæki, búnaður og áhöld sem eru verðlítill flokkist sem smáverkfæri og áhöld en færast ekki á eignaskrá eða eignar þótt endingartími þeirra geti í sumum tilvikum verið langur.

3.2. Reglur Reykjavíkurborgar um eignaskráningu rekstrarfjármuna

Árið 2017 setti Reykjavíkurborg sér reglur um eignaskráningu rekstrarfjármuna sem nær til Aðalsjóðs og Eignasjóðs. Markmiðið með innleiðingu þeirra var að stuðla að varðveislu eigna og góðu eftirliti með þeim auk þess að tryggja rétta og ítarlega skráningu þeirra.

Í reglunum kemur fram að eignaskráin sé hluti af bókhaldsgögnum Reykjavíkurborgar eins og kveðið er á um í reglugerð nr. 1212/2015. Í 2. gr. kemur fram að eignaskrá skuli ná til allra lausafjármuna þar sem stofnverð einstakra eigna sé 250 þús.kr. að lágmarki. Í 5. gr. er tilgreint að rekstrarfjármunir að stofnverði umfram 50 þús.kr. og samnýttir eru af tveimur eða fleiri starfsmönnum eða starfsstöðvum, skuli við kaup vera auðkenndir með merki Reykjavíkurborgar eða öðrum skýrum hætti. Er það á ábyrgð þess sem samþykkir kaupin að sjá til þess að merking sé til staðar. Halda skal lista yfir merкта rekstrarfjármuni.

3.3. Verklagsregla og leiðbeiningar FAS um eignaskráningu

Um eignaskrá gildir verklagsregla fjármálaskrifstofu FMS-VLR-142 *Skráning rekstrarfjármuna sem gjaldfærðir eru við kaup*. Tilgangur hennar er að tryggja samræmda eignaskráningu allra lausafjármuna Aðalsjóðs og Eignasjóðs sem uppfylla fjárhæðarmörk í reglum Reykjavíkurborgar um eignaskráningu rekstrarfjármuna frá 2017.

Hjá Reykjavíkurborg eru einnig til staðar leiðbeiningarnar FMS-LBE-163 *Skráning á kaupum og útleigu verkfæra, áhalda, tækja og búnaðar hjá Reykjavíkurborg*. Tilgangur leiðbeininganna er að tryggja samræmda skráningu vegna kaupa á verkfærum, áhöldum, tækjum og búnaði hjá einstaka rekstrareiningum þannig að eignastaða Reykjavíkurborgar á tækjum og búnaði sé alltaf ljós. Rekstrareiningar geta í þessu samhengi verið fagsvið, stofnanir, skrifstofur eða aðrar starfsstöðvar.

Í leiðbeiningunum, kafla 3.2, kemur fram að öll kaup á verkfærum, áhöldum, tækjum og búnaði innan rekstrareiningar að fjárhæð umfram 20 þús.kr. skuli færa á eignalista viðkomandi rekstrareiningar við kaup. Umsjónarmaður hvernar rekstrareiningar ber ábyrgð á verkfærum, áhöldum, tækjum og búnaði sem keypt eru og í árslok skal ábyrgðaraðili rekstrareiningar skila eignayfirliti til næsta yfirmanns.

3.4. Leiðbeiningar um skráningu á lausafjármunum

Hjá skrifstofu borgarlandsins eru til staðar leiðbeiningar um skráningu á lausafjármunum. Leiðbeiningarnar eru ekki hluti af rekstrarhandbók USK heldur er um að ræða samantekt á þeim leiðbeiningum og verklagi sem gefin hafa verið út fyrir borgina í heild. Í þeim er hvorki skilgreindur ábyrgðarmaður né tilgreindur útgáfudagur.

Í leiðbeiningunum er vísað í reglur Reykjavíkurborgar frá 2017, verklagsreglur FMS-VLR-142 og leiðbeiningar FMS-LBE-163. Í leiðbeiningum FMS-LBE-163 kemur fram að tilgangur þeirra sé að tryggja samræmda skráningu á kaupum á verkfærum, áhöldum, tækjum og búnaði umfram 20.000 kr. Umsjónarmaður hvernar rekstrareiningar ber ábyrgð á því að skrá lausafjármuni í eyðublað um skráningu lausafjármuna og koma því til næsta yfirmanns. Fjármáladeild ber ábyrgð á því að kalla eftir skjalinu í lok hvers árs og koma því til skila með ársuppgjöri.

Í leiðbeiningunum sem fyrirliggjandi eru hjá skrifstofu borgarlandsins er tilvísun í skjalið „skráning rekstrarfjármuna“ þar sem viðkomandi deildir þurfa að fylla eignaskrá sem nær til allra keyptrar lausafjármuna frá árinu 2017. Við skráningu þarf að tilgreina staðsetningu, tegund búnaðar og heiti. Auk þess þarf að koma fram kaupár og kaupverð ásamt skráningarnúmer, ef það á við.

Ábending um leiðbeiningar um eignaskráningu

1. Setja þarf leiðbeiningar um skráningu á lausafjármunum inn í rekstrarhandbók USK, skilgreina ábyrgðarmann leiðbeininganna og tilgreina útgáfudag.

4. Eignaskrá hjá skrifstofu borgarlands

Vegna úttektarinnar var óskað eftir eignaskrá bifreiða, tækja og verkfæra hjá skrifstofu borgarlandsins. Innri endurskoðun og ráðgjöf fékk tvær eignaskrár sem innihéldu:

1. Yfirlit yfir allar bifreiðar sem skrifstofan hefur til afnota og eru í eigu Reykjavíkurborgar og eru leigðar af Eignasjóði og hins vegar yfirlit yfir rekstrarleigubíla sem leigðar eru af bílaleigum samkvæmt útboðum þar að lútandi. Á listanum yfir bifreiðar var 81 bifreið, þar af 28 í eigu Eignasjóðs og 53 sem voru í rekstrarleigu hjá bílaleigum (sjá viðauka II).
2. Yfirlit yfir tækjaskrá skrifstofunnar þar sem var að finna ýmis tæki sem flokkuð voru í 33 flokka. Samtals var um 127 tæki að ræða og var þar meðal annars um að ræða 9 dráttarvélar, 10 sláttutraktora, 21 kerru og 9 saltdreifara (sjá viðauka III).

Fram kom við úttektina að ekki er haldin sérstök eignaskrá hjá skrifstofu borgarlandsins yfir verkfæri undir 500 þús.kr. eins og borvélar, sagir og háþrýstidælur. Á þeim starfsstöðvum sem heimsóttar voru var eingöngu haldið utan um bifreiðar, vélar og tæki sem ýmist eru skráningarskyld, ganga fyrir einhvers konar eldsneyti eða eru aukahlutir á traktora og bifreiðar, eins og snjótennur. Á starfsstöðvunum var ekki haldið utan um önnur verkfæri þrátt fyrir að verðmæti þeirra sé yfir því 20 þús.kr. lágmarki sem fram kemur í leiðbeiningum FMS-LBE-163 og leiðbeiningum sem til staðar eru á skrifstofu borgarlandsins um skráningu á lausafjármunum.

Ábending um eignaskráningu verkfæra

2. Ekki er fullnægjandi fylgni við leiðbeiningar FMS-LBE-163 og leiðbeiningar sem eru til staðar á skrifstofu borgarlandsins um skráningu á lausafjármunum er varðar skráningu á keyptum verkfærum, áhöldum, tækjum og búnaði umfram 20 þús.kr.

5. Vettvangsathuganir og úrtakskönnun

IER tók úrtak úr eignaskrá bifreiða og tækja (sjá kafla 4) og fór í vettvangsferðir á sex starfsstöðvar skrifstofu borgarlandsins í júní 2023 til þess að kanna tilvist bifreiða og tækja. Einnig var tekið úrtak úr verkfærum sem keypt voru á starfsstöðvar skrifstofu borgarlandsins árið 2022 og bókuð á bókhaldslyklinn 5262 *verkfæri*. Úrtök voru valin með handahófskenndum hætti úr eignaskrá véla og tækja og vegna verkfæraкупа. Í vettvangsathugunum voru þjónustumiðstöðin við Stórhöfða, hverfastöðar við Fiskislóð og Jafnasel og starfsstöðvar í Elliðarárdal, Laugardal og á Kjalarnesi heimsóttar.

Kannað var hvort:

- Bifreiðar, tæki og verkfæri væru til staðar á viðeigandi starfsstöð.
- Að bifreiðar og tæki sem voru á lista hjá skrifstofu borgarlandsins væru á eignaskrá Reykjavíkurborgar (þar sem það átti við).
- Að eignir væru merktar Reykjavíkurborg.

5.1. Úrtakskönnun - Bifreiðar

Í úrtaki voru valdar 23 bifreiðar af 81 eða um 28% heildarfjölda þeirra bifreiða sem voru á bifreiðalista frá skrifstofu borgarlandsins. Af þessum bifreiðum voru 5 bílaleigubílar. Kannað var hvort bifreiðar í eigu Reykjavíkurborgar væru færðar á meðal eigna í bókhaldi og skráðar í eigu borgarinnar hjá Samgöngustofu. Kannað var hvort bifreiðarnar væru á viðkomandi starfsstöðvum og hvort þær væru merktar Reykjavíkurborg.

Af þeim 18 bifreiðum sem voru í eignaskrá skrifstofu borgarlandsins og í eigu Reykjavíkurborgar reyndust 17 bifreiðar vera til staðar á starfsstöðvum borgarlandsins. Ein bifreið (SR-095) sem var í eignaskrá skrifstofu borgarlandsins og lenti í úrtakinu reyndist ekki vera lengur í eigu Reykjavíkurborgar þar sem hún var seld 22. mars 2022. Ein af fimm

bílaleigubifreiðum sem í úrtakinu var ekki til staðar hjá skrifstofu borgarlandsins þar sem henni hafði verið skilað í lok janúar 2022. Ábyrgðarmaður bifreiðarinnar samkvæmt eignaskrá skrifstofu borgarlandsins hafði jafnframt látið af störfum hjá Reykjavíkurborg. Í febrúar 2022 var þessi bifreið flutt yfir á annan kostnaðarstað hjá Reykjavíkurborg, U1120, sem er eftirlitsdeild á skrifstofu stjórnýslu og gæða umhverfis- og skipulagssviðs. Bifreiðin var hluti af útboði nr. 14786. Í tveimur tilvikum var rangur ábyrgðarmaður bifreiðar skráður í eignaskrá yfir bifreiðar og í einu tilviki var bifreið skráð á hverfastöð vestur en hún var í raun í notkun á annarri hverfastöð.

Þrátt fyrir að meginþorri þeirra bifreiða hafi verið til staðar við vettvangsathugun þá eru tækifæri til úrbóta hvað utanumhald bifreiða varðar. Haldið er utan um bifreiðar í Excel skjali sem ekki er vistað miðlægt og kemur það í hlut deildarstjóra á skrifstofu borgarlandsins að uppfæra skjalið. Af skjalinu að dæma virðist það ekki í öllum tilvikum vera uppfært þegar þörf krefur. Einnig kom fram við vettvangsathugun að ein starfsstöð skrifstofu borgarlandsins heldur utan um þær bifreiðar sem þar eru í notkun með sjálfstæðum hætti. Allar bifreiðar sem voru á lista viðkomandi starfsstöðvar voru einnig í eignaskrá skrifstofu borgarlandsins.

Ábending um eignaskrá bifreiða

3. Eignaskrá bifreiða sem skrifstofa borgarlandsins hefur til umráða endurspeglar ekki raunverulega stöðu. Eignaskrána ætti að uppfæra jöfnum höndum. Þá færi betur á því að mati IER að skrá yfir bifreiðar sé vistuð miðlægt þar sem viðeigandi aðilar hafi aðgang að skránni og geti uppfært hana þegar þörf krefur.

5.2 Úrtakskönnun - Vélar og tæki

Heildarfjöldi í eignaskrá véla og tækja var 127 og voru 28 vélar og tæki í úrtaki eða 22%. Eitt af þeim tækjum var í rekstrarleigu. Kannað var hvort vélar og tæki í eigu Reykjavíkurborgar væru færðar á meðal eigna í bókhaldi Reykjavíkurborgar og skráðar í eigu borgarinnar hjá Vinnueftirliti ríkisins sem heldur utan um skráðar vinnuvélar og tæki. Kannað var hvort vélar og tæki sem í úrtakinu voru væru á viðkomandi starfsstöðvum.

Af þeim 26 vélum og tækjum sem voru í eignaskrá skrifstofu borgarlandsins og í eigu borgarinnar reyndust 24 þeirra vera til staðar á starfsstöðvum borgarlandsins. Tvö tæki reyndust ekki vera til staðar en fram kemur í eignaskrá skrifstofu borgarlandsins að þau séu bæði seld.

Annars vegar var um að ræða sláttuarm (eign 50262). Samkvæmt upplýsingum hjá skrifstofu borgarlandsins var sláttuarmurinn látinn ganga upp í kaup á sanddreifara í desember árið 2016 og nam uppítökuverð 200 þús.kr. Til staðar er beiðni fyrir kaupunum nr. 01520 þar sem fram kemur að sláttuarmur gangi upp í kaupin. Hins vegar er eignanúmer sláttuarmsins ekki skráð á beiðnina og því gæti verið um hvaða sláttuarm sem er að ræða. Samkvæmt upplýsingum úr fjárhagsbókhaldi Eignasjóðs var eign 50262 afskrifuð að fullu í desember 2020 en skrifstofa borgarlandsins greiddi síðasta leigureikning vegna tækisins, 18 þús.kr., í apríl 2022.

Hins vegar var um að ræða vetrarbúnað vegna flokkabíla – tennur (eign 50342) sem samkvæmt eignaskrá gekk ásamt gömlum dreifara upp í nýjan saltkassa í janúar 2021. Var uppítökuverð þessara tækja um 200 þús.kr. Búið er að afskrifa eign 50342 og var síðasta afskrift vegna hennar í ágúst 2022. Skrifstofa borgarlandsins greiðir enn mánaðarlega 87 þús.kr. leigu-greiðslur til eignaskrifstofu vegna tækisins. Athygli vekur að uppítökuverð snjótannarinnar var einungis um 200 þús. kr. með öðru tæki en leigugreiðslur vegna tækisins eru 87 þús. kr. á mánuði. Skrifstofa borgarlandsins setti því tvö tæki sem eignaskrifstofa átti og hafði eignfært, upp í kaup á tveimur nýjum tækjum sem gjaldfærð voru. Upplýsingar um

söluna bárust ekki eignaskrifstofu við þá framkvæmd og voru tækin því áfram inn á eignaskrá eignaskrifstofu eftir að þau voru seld. Þau tæki sem keypt voru í staðinn, sanddreifarar sem keyptir voru í desember 2016 og í janúar 2021 og gjaldfærð við kaup, er ekki að finna í eignaskrá skrifstofu borgarlandsins.

Ein kerra án númera sem er undir 750 kg. var í skrá yfir tæki skrifstofu borgarlandsins. Athygli vekur að eignin er ekki tilgreind með neinu númeri sem gerir rekjanleika erfiðan. Í eignaskránni er eingöngu skráð verknúmer 41367 sem er dráttarvéladeild.

Merking véla og tækja

Í 5. gr. reglna Reykjavíkurborgar um eignaskráningu rekstrarfjármuna er tilgreint að rekstrarfjármunir að stofnverði umfram 50 þús.kr. sem samnýttir eru af tveimur eða fleiri starfsmönnum og starfsstöðvum, skuli við kaup vera auðkenndir með merki Reykjavíkurborgar eða öðrum skýrum hætti. Er það á ábyrgð þess sem samþykkir kaupin að sjá til þess að merking sé til staðar. Ekkert af þeim verkfærum sem komu til skoðunar var merkt Reykjavíkurborg.

Af þeim 26 vélum og tækjum í úrtaki reyndust fimm ekki merkt Reykjavíkurborg. Um var að ræða skráningarskylda kerru (JLZ05), Avant traktor (IM2036), Kubota smátraktor (ZOU73), Laukavél (50556) og gatara fyrir grasflatir (50317). Athygli vekur að kerran JLZ05 átti að fara síðast í aðalskoðun 21. maí 2021 en var ekki með aðalskoðun í júní 2023. Mikilvægt er að kerran fari í skoðun ef hún er í notkun.

Í úrtaki voru einnig lítið Sami síló og pækilsópur. Bæði þessi tæki voru merkt með númerum við vettvangsathugunum. Þau númer voru þó ekki skráð í eignaskránni. Betur færi á því að númer hvers tækis sé skráð sérstaklega. Skrifstofa borgarlandsins hefur til umráða þrjú Sami síló og tvo pækilsópa. Öll þessi tæki eru merkt en sú merking kemur ekki fram í tækjaskránni sjálfri.

Ábendingar vegna eignaskrár véla og tækja

4. Eignaskrá véla og tækja sem skrifstofa borgarlandsins hefur til umráða endurspeglar ekki raunverulega stöðu. Betur færi á því að skrá yfir vélar og tæki sé vistuð miðlægt og að þar til bærir aðilar hafi aðgang að skránni og geti uppfært hana þegar þörf krefur. Einnig væri til bóta að númer tækja sem ekki eru skráningarskyld komi fram í eignaskrá til að tryggja rekjanleika. Í sumum tilfellum er númerið til staðar í eignaskrá en ekki í öðrum.
5. Í samræmi við hlutverk eignaskrifstofu að kaupa og selja eignir Reykjavíkurborgar þarf skrifstofa borgarlands að hafa samband við eignaskrifstofu þegar þörf er á að selja tæki.
6. Tryggja þarf að vélar og tæki Reykjavíkurborgar séu auðkennd með merki Reykjavíkurborgar eða öðrum skýrum hætti í samræmi við 5. gr. reglna Reykjavíkurborgar um eignaskráningu rekstrarfjármuna.

5.3. Úrtakskönnun - Verkfæri

Eins og áður hefur komið fram er ekki haldin sérstök skrá yfir verkfæri hjá skrifstofu borgarlandsins. Því var tekið úrtak úr verkfærum sem keypt voru vegna starfsstöðva skrifstofu borgarlandsins frá 1. janúar 2022 til 7. júní 2023 á bókhaldslyklinum 5262 *Verkfæri*. Um var að ræða kostnaðarstaðina 3261 Þjónustumiðstöð borgarlandsins, 3264 hverfastöð Jafnaseli, 3266 hverfastöð Kjalarnesi og 3271 hverfastöð vestur. Á þessu tímabili mátti finna 70 bókanir á lykilinn 5262, þarf af tvær kreditfærslur. Verkfærakaupin voru á bilinu 2-390 þús.kr. Valin voru 13 úrtök eða um 19% af þýðinu með tilviljunarkenndum hætti. Öll þessi verkfæri sem í úrtakinu lentu reyndust vera til staðar á starfsstöðvum skrifstofu borgarlandsins við vettvangsathuganir í júní 2023 að einum þrepabor undanskildum. Þrepabor er borstykki sem notað er hjá umferðaljósadeild

til þess að bora í stál o.fl. Eðli málsins getur slíkt borstykki slitnað og erfitt er um vik að merkja það. Nokkur önnur slík borstykki voru til staðar á starfsstöðinni, af annarri stærð.

Merking verkfæra

Af þeim 13 verkfærum sem í úrtaki voru var kaupverð fjögurra verkfæra hærra en 50 þús.kr. en samkvæmt reglum Reykjavíkurborgar skulu rekstrarfjármunir að stofnverði umfram 50 þús.kr. vera auðkenndir með merki Reykjavíkurborgar eða öðrum skýrum hætti. Þessi verkfæri voru ekki auðkennd Reykjavíkurborg. Um var að ræða:

- Bilanagreiningartæki, kaupverð 16. janúar 2023, 68 þús.kr.
- Mælir með ampertöng, kaupverð 2. maí 2023, 70 þús.kr.
- Málmleitartæki, kaupverð 20. október 2022, 123 þús.kr.
- Steinsög, kaupverð 2. maí 2023, 390 þús.kr.

Fram kom í samtali við starfsmenn á þeim starfsstöðvum sem heimsóttar voru að það hefur komið fyrir að verkfæri glatist á verkstað þar sem þau hafa gleymst þar eða verið stolið. Ekki er haldið sérstaklega utan um slík tilvik. Fram kom við vettvangsathuganir að starfsmenn á starfsstöðvum borgarlandsins myndu telja það til bóta að haldið yrði utan um verkfæri með betri hætti en gert er í dag.

Bókhaldslykillinn 5247 *Gjaldfærðir rekstrarfjármunir við kaup*

Hjá skrifstofu borgarlandsins eru til staðar leiðbeiningar um skráningu á lausafjármunum. Í leiðbeiningunum er vísað í reglur Reykjavíkurborgar um eignaskráningu frá 2017 og verklagsreglur FMS-VLR-142. Í leiðbeiningunum kemur fram að kaup á áhöldum, tækjum og eignasamstæðum undir 2,5 m.kr. skulu gjaldfærð með þeirri undantekningu að stofnbúnaður og öll skráningarskyld tæki skulu eignfærð, óháð kaupverði. Auk þess kemur fram að lausafjármunir að verðmæti 250 þús.kr. eða meira sem gjaldfærðir eru skuli bóka á bókhaldslykillinn 5247 *Gjaldfærðir rekstrarfjármunir við kaup*, samkvæmt verklagsreglu FMS-VLR-142 og reglna um eignaskráningu rekstrarfjármuna Reykjavíkurborgar.

Af þeim verkfærum sem voru í úrtaki náði eitt verkfæri 250 þús.kr. lágmarkinu. Um var að ræða steinsög að verðmæti 390 þús.kr. sem keypt var í maí 2023. Kaupin voru bókuð á bókhaldslykillinn 5262 *Verkfæri*. Kaupin á steinsöginu voru ekki færð á bókhaldslykillinn 5247 *Gjaldfærðir rekstrarfjármunir*.

Við úttektina kom fram að bókhaldslykillinn 5247 *Gjaldfærðir rekstrarfjármunir* var stofnaður og búinn til svo að hægt væri að taka út lista með einföldum hætti yfir lausafjármuni að stofnverði frá 250 þús.kr. til 2,5 m.kr. Á tímabilinu frá upphafi árs 2022 til júní 2023 eru einungis tvær færslur á bókhaldslykillinn 5247 hjá Eignasjóði, annars vegar vegna kaupa á vélavagni/kerru í lok árs 2021 og hins vegar vegna kaupa á sturtuvagni í júní 2023. Svo virðist því sem bókhaldslykillinn 5247 sé ekki nýttur á þann hátt sem honum var ætlað.

Ábendingar vegna merkingar eigna og bókun rekstrarfjármuna

7. Tryggja þarf verkfæri Reykjavíkurborgar séu auðkennd með merki Reykjavíkurborgar eða öðrum skýrum hætti í samræmi við 5. gr. reglna Reykjavíkurborgar um eignaskráningu rekstrarfjármuna.
8. Tryggja þarf að bókhaldslykillinn 5247 sé notaður í samræmi við verklagsreglur Reykjavíkurborgar um skráningu á lausafjármunum.

Viðauki I - Áhættuflokkun ábendinga

Viðmið	● Mikil áhætta	● Nokkur áhætta	● Lítil áhætta
Áhrif á fjárhagslega stöðu og/eða áreiðanleika gagna Hættan á fjárhagstjóni eða skorti á áreiðanleika gagna	Líkur eru á verulegum neikvæðum fjárhagslegum áhrifum, eða skorti á áreiðanleika gagna/upplýsinga í fjárhagsupplýsingakerfum	Líkur eru á neikvæðum fjárhagslegum áhrifum, eða skorti á áreiðanleika gagna	Takmarkaðar líkur á neikvæðum fjárhagslegum áhrifum eða skorti á áreiðanleika gagna
Sviksemisáhætta. Hættan á því að sviksemi eigi sér stað, t.d. vegna skorts á starfaaðgreiningu	Miklar líkur á verulegri skekkju, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka, og/eða mikil tækifæri til sviksemi	Líkur á verulegri skekkju, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka og/eða tækifæri til sviksemi	Takmörkuð hættan á verulegri skekkju, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka
Innri reglur og skriflegar leiðbeiningar Stefnur, verklagsreglur, verkferlar og leiðbeiningar	Miklar líkur á verulegri skekkju, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka, og/eða mikil tækifæri til sviksemi	Vantar mikilvæga þætti inn í ferla og reglur og/eða nokkuð um frávik frá fylgni við reglur	Tækifæri til að bæta ferla og reglur og/eða einstaka frávik frá fylgni við reglur
Ytri kröfur. Lög, reglur, reglugerðir, leiðbeinandi tilmæli	Engin fylgni við lög og reglur eða tíð frávik	Nokkuð um frávik frá fylgni við lög og reglur	Tækifæri til að bæta enn frekar fylgni við lög og reglur
Orðsporsáhætta. Hættan á því að orðspor laskist	Miklar líkur á neikvæðri opinberri umfjöllun	Líkur á neikvæðri opinberri umfjöllun	Takmarkaðar líkur á neikvæðri opinberri umfjöllun
Tímafrestur viðbragða			
Meginregla tímaramma en frá honum geta verið eðlileg frávik ákveðin í hverju tilviki fyrir sig, til dæmis ef flækjustuðull viðbragða er mikill	Sem fyrst, innan 3ja mánaða	Innan 6 mánaða	Innan 12 mánaða

Viðauki II – Fjöldi bifreiða

Flokkur	Skrifstofa	þj. borgarlands	Hverfastöð vestur	Hverfastöð austur	Samtals
Verkstjórabíll	2	19	10	8	39
Flokkabíll	-	5	16	13	34
Dælubíll	-	3	-	-	3
Vörubíll	-	-	-	1	1
Stampa-bíll	-	-	2	2	4
Samtals	2	27	28	24	81

Viðauki III – Fjöldi tækja

Flokkur	Þj. borgarlands	Hverfastöð vestur	Hverfastöð austur	Samtals
Áburðarblandari	-	-	1	1
Dráttarvél	8	1	-	9
Dæla	1	-	-	1
Fjórhjól	-	-	1	1
Fjölnotavél	-	1	1	2
Fjölplogur	6	-	-	6
Gatari	-	-	1	1
Grafa	-	-	1	1
Hallavél	4	-	-	4
Hestakerra	-	-	2	2
Kerra	7	7	7	21
Laukavél	-	-	1	1
Lyftari	1	-	-	1
Moltudreifari	-	-	1	1
Payloader	1	-	-	1
Pækilsópur	2	-	-	2
Pækiltankur	1	-	-	1
Saltdreifari	6	-	2	8
Sanddreifari	7	2	-	9
Síló	3	-	-	3
Sláttuarmur	1	-	-	1
Sláttutraktor	-	6	4	10
Sláttuvagn	7	1	-	8
Smágrafa	-	-	1	1
Snjóblásari	2	-	-	2
Snjótönn	3	1	1	5
Sópur	2	1	-	3
SPUMA	-	1	-	1
Sturtuvagn	2	-	1	3
Suga	-	2	-	2
Tætari	1	-	-	1
Vaktbúnaður	1	2	-	3
Zero Turn	7	3	1	11
Samtals	73	28	26	127

Viðauki IV - Viðmælendur úttektar

Björn Ingvarsson, deildarstjóri á þjónustumiðstöð borgarlands.

Dagný Thorarensen, sérfræðingur á áætlana- og uppgjörssviði.

Hafsteinn Viktorsson, deildarstjóri hverfastöð vestur.

Hjalti Jóhannes Guðmundsson, skrifstofustjóri á skrifstofu borgarlands.

Hreinn Ólafsson, fjármálastjóri USK.

Óli Jón Hertervig, skrifstofustjóri eignaskrifstofu.

2.2 Ábendingar IER og viðbrögð stjórnenda

Áhættu- mat	Nr.	Ábendingar	Ábyrgðaraðili	Viðbrögð stjórnenda Áætluð tímasetning lok úrbóta
Lítill áhætta	1	Setja þarf leiðbeiningar um skráningu á lausafjarmunum inn í rekstrarhandbók USK, skilgreina ábyrgðarmann leiðbeininganna og tilgreina útgáfudag.	Fjármálastjóri USK	Áætluð lok úrbóta: 30. nóvember 2023. Leiðbeiningarnar verða settar inn í rekstrarhandbók USK.
Nokkur áhætta	2	Ekki er fullnægjandi fylgni við leiðbeiningar FMS-LBE-163 og leiðbeiningar sem eru fyrirbyggjandi á skrifstofu borgarlandsins um skráningu á lausafjarmunum er varðar skráningu á keyptum verkfærum, áholdum, tækjum og búnaði umfram 20 þús.kr.	Skrifstofustjóri skrifstofu borgarlandsins	Áætluð lok úrbóta: 1. apríl 2024. Skrifstofa borgarlandsins setur fyrirvara á hve langan tíma gæti tekið að skrá alla lausafjarmuni.
Lítill áhætta	3 og 4	Eignaskrár yfir bifreiðar, vélar og tæki sem skrifstofa borgarlandsins hefur til umráða sýna ekki raunverulega stöðu. Uppfæra ætti eignaskrár jöfnum höndum. Þá færi betur á því að mati IER að skrárnar séu vistaðar miðlægt þar sem viðeigandi aðilar hafi aðgang að þeim og geti uppfært skrárnar þegar þörf krefur. Einnig væri til bóta að númer tækja sem ekki eru skráningarskyld komi fram í eignaskrá til að tryggja rekjanleika. Í sumum tilfellum er númerið til staðar í eignaskrá en ekki í öðrum.	Skrifstofustjóri skrifstofu borgarlandsins	Áætluð lok úrbóta: áramót 2023/2024.
Nokkur áhætta	5	Í samræmi við hlutverk eignaskrifstofu að kaupa og selja eignir Reykjavíkurborgar þarf skrifstofa borgarlands að hafa samband við eignaskrifstofu ef þörf er á að selja vélar eða tæki.	Fjármálastjóri USK og skrifstofustjóri skrifstofu borgarlandsins	Áætluð lok úrbóta: 1. desember 2023. Í raun er hægt að innleiða þetta samt áður strax við næstu kaup/sölu á tækjum.
Nokkur áhætta	6 og 7	Tryggja þarf að vélar, tæki og verkfæri Reykjavíkurborgar séu auðkennd með merki Reykjavíkurborgar eða öðrum skýrum hætti í samræmi við 5. gr. reglna Reykjavíkurborgar um eignaskráningu rekstrarfjármuna.	Skrifstofustjóri skrifstofu borgarlandsins	Áætluð lok úrbóta: 1. apríl 2024. Hér er gerður fyrirvari á hve langan tíma gæti tekið að merkja vélar, tæki og verkfæri en það er tímafrek vinna.
Lítill áhætta	8	Tryggja þarf að bókhaldsskyllinn 5247 sé notaður í samræmi við verklagsreglur Reykjavíkurborgar um skráningu á lausafjarmunum.	Fjármálastjóri USK	Áætluð lok úrbóta: 30. nóvember 2023.